

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld á Kópaskeri í Presthólahreppi Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar á Kópaskeri eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húss og lofthæð 2,70 m á íbúðarhúsum en 3,30 m í atvinnuhúsnæði, nema uppdráttur sýni minna.

3. gr.

Gjaldið skal miðast við ákveðin hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Íbúðarhús	3,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,0%
Opinberar byggingar	3,0%
Önnur hús og byggingar	1,5%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m³.

4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram, skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldþagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skal vera samkvæmt kjörum Byggdastofnunar í samræmi við kjör þau er hún veitir lán til varanlegrar gatnagerðar.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

7. gr.

Skuldabréfin sem gefin kunna að verða út vegna gatnagerðargjalda skulu vera með veði í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóm að stríða. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

9. gr.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1985. Sveitarstjórn sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Presthólahrepps í Norður-Pingeyjarsýslu og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt í Mosfellsbæ nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Reiðhestahald er þó heimilt á þeim stöðum, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn um það til bæjarstjórnar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig vörslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi til tiltekins tíma, eða til óákveðins tíma með tilteknum afturköllunarfresti. Ef leyfishafi brýtur almennar reglur þessarar samþykktar um meðferð búfjár eða skilyrði leyfisveitingar, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

Heimilt er að áskilja gjald fyrir leyfi til búfjárhalds í Mosfellsbæ og rennur það í bæjarsjóð.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.